

um mjög mikla einhæfingu að ræða, viðtæknin á þröngu svæði, hjá því sem verða mun hjá mönnunum, þegar rétt fer að horfa í því efni.

II

Þegar heim kom sá ég í nýútkominni „Eimreið“ kafla eftir dr. Alex. Cannon, en hafði áður verið að lesa allmikla bók eftir Sir Oliver Lodge, sem hann nefnir heimspeki sína („My Philosophy“), og er það að vísu fróðlegt rit, sem ber þess ljós merki að vera eftir mikinn speking og vísindamann. En þó hika ég ekki við að segja, að bæði hjá dr. Cannon og Sir Oliver vantar einmitt það, sem eitt getur gert dulfræðin að náttúruvísindum, skilninginn á magnanar- og sambandseðli lífsins og svefnsins, og á því, hversu öll trú á anda, og yfirleitt dulverur, er sprottin af misskildu sambandi við lífverur sem aðrar stjórnur byggja, og eru engu síður líkamlegs eðlis en vér hér á jörðu. Og skilningsskorturinn á tilgangi lífsins kemur fram í því, að gera sér ekki fullkomlega ljóst, að einnig líf dýra (og jurta!) heldur áfram þrátt fyrir dauðann, og að vér hér á jörðu erum í útjaðri sköpunarverksins, þar sem hið guðlega getur aðeins að litlu leyti komið sér við. En það er vegna þess, að hið guðlega getur ekki nálgast hið ófullkomna, nema með því að fjarlægjast sína eigin fullkomnun. Aðalmarkmið vort hér á jörðu hlýtur því að vera, að oss lærist svo að leita í áttina til hins guðlega, að fullkomnara samband geti orðið, svo miklu fullkomnara, að maðurinn geti í raun og sannleika orðið leiðtogi lífsins hér á jörðu, og stjórnandi náttúruaflanna eins og þau koma hér fram.

5. apríl 1941.

34. Hinn framliðni Conan Doyle talar um framlíf og framtíð

I

Milljónir manna víðsvegar um heim munu hafa lesið um tal, sem Harry Price, með tilstyrk miðilsins Mrs. Garrett, hefir átt við hinn framliðna Conan Doyle, er heimsfrægur var bæði sem skáldsagnahöfundur og spíritisti. Hefi ég séð

vitnað í viðtal þetta hér og hvar, og kemur þar allsstaðar fram, að menn hafa ekki lesið sér til verulegs gagns. En viðtal þetta er þó býsna fróðlegt, þegar nógu vel er að gætt, eins og hér skal sýnt fram á. Mestur hlutinn er að vísu lítills virði, og þarf ekki að efa, að það er ekki Conan Doyle sjálfum að kenna. Og innan um allan leirinn er á strjálingi, það sem dýrmætt er, líkt og gimsteinar er leynast í verðlausu grjóti, og þarf þó að laga þá og fága áður en ljóminn komi fram, hinn ljómandi sannleikur. — Kemur hér á eftir þýðing á því helsta, sem dýrmætt er, en athugasemdir mínar set ég milli sviga (). Doyle segir: Ég gerði mér ekki ljóst, hversu erfitt mundi verða að komast í gegnum vegg þann eða „þykkni“, sem skilur oss. (Það sem átt er við, mun fyrst og fremst vera vanþekking sú og röngu fyrirframsannfæringar, sem hamla sambandi íbúa stjarnanna við oss hér á þessari jörð). Ég á heima í sólhverfi nokkru, en fyrir utan yðar, „sympathetic system“ — ef ég get gert mig skiljanlegan landfræðilega: I am within a solar system, but outside your sympathetic (les: solar eða galactic) system if I can geographically explain myself. (Þetta er eins og það stendur þarna lokleysa ein. Doyle hefir ekki sagt neitt landfræðilegt þó hann tali um solar system (sólhverfi) og sympathetic system; en það virðist þó alveg ljóst, að það sem hann hefir reynt að segja, er að hann eigi að vísu heima í sólhverfi, en ekki í voru sólhverfi). Mig langar til að þið vitið hvar ég er — að ég er í þokubelti, sem liggur fyrir utan yfirborð jarðarinnar og er lifandi og hefir tilveru af því að það er eins og byggt úr sama efni og jörðin. Ég er ekki í neinum vafa um það, hvar á jörð ég er: I would like you to know my location — than I am in a nebulous belt lying outside the earth's surface and having life and being because it is of the same structure and matter as the earth itself. I am in no doubt as to my geographical position. (Einnig þetta er afleitasta vitleysa, en hugsun Doyles sú sem undir býr, þó ljós; hann hefir sennilega reynt að segja, að hann eigi heima í sólhverfi úti í vetrarbrautinni — eða í annarri vetrarbraut — á jörð sem líkist vorri jörð að gerð og efni. Orðið geographical, sem er endur-

tekið, bendir á sterka viðleitni hjá Conan Doyle til að koma því fram, að hann eigi heima á jörð, en ekki í hinum auða geimi úti á milli stjarnanna, eins og spíritistar virðast almennt ímynda sér). — Eftir eina fjóra dálka af tali, sem mér þykir of ómerkilegt til að þýða nokkuð af því, sagði Price: Getið þér sagt mér nokkuð af því, hvernig lifi yðar er háttað nú? Doyle svarar: Ég tel það víst, að fólk muni undrast, þegar ég segi, að ég lifi í veröld (eða: á jörð), sem er talsvert lík þeirri sem ég yfirgaf. Ég hefst margt hið sama að og ég gerði þar. Ég lifi í veröld, sem er eins dimm og sú sem ég yfirgaf, og er illt til þess að vita. (Þetta kemur illa heim við næstu orð DoYLES hér á eftir). Þetta er land, þar sem þjáningunni er lokið til fulls, þar sem hugurinn hrærist þúsundfalt sterkar, þar sem innblástur nær mér miklu auðveldlegar. Ég hefi líkama: I find myself in a bodily state. Þetta er veröld, þar sem ennþá þarf að fást við hið óheillavænlega í lífinu; það er hvorki himnaríki né helvíti, heldur beggja blends. Trú mér til, það er einungis upphaf. Mér skilst að það miði til að styðja kenninguna um endurlíkaman (reincarnation) og að sálin taki mörgum breytingum. Það er í raun og veru kjarninn í mér (substance) eða sálin í líkamlegri mynd. (Svona klaufalega kemur það fram sakir skilningsskorts þess, sem við hann talar, að Doyle er að reyna að segja frá því, að sálin hafi á jörðinni, þar sem hann nú lifir, búið sér til nýjan líkama). Vísindamennirnir munu verða mér ósammála (á víst að vera spíritistarnir, andatrúarmennirnir, ekki scientists eins og þar stendur, heldur spiritualists), en ég er ennþá af efni gerður, líkamlegur (material), og meðan ég er af efni gerður (material), finnst mér ég vera eins maður og ég var á jörðinni. (Orðið material er í öðrum staðnum í gæsarlöppum, en þær stafa auðsjáanlega ekki frá Conan Doyle). Price spyr: Hvað haldið þér um framtíð spíritismans hér í landi (Englandi), haldið þér að hann muni renna saman við hið vísindalega? Doyle segir: ... Ég er sannfærður um eitt, þó að margir af vinum mínum muni ekki taka undir það með mér: það sem verið er að reyna með spíritismanum, mun takast með stórfenglegri vísindalegri

útskýringu (explanation). (Útskýring, sem setur hreina náttúrufræði í staðinn fyrir dulfræði, er þegar komin fram, og er því spá Doyles um að svo muni verða, meir en lítið merkileg). Price: Prófessor Julian Huxley segir, að trúin (religion) muni að lokum breytast í vísindi. (Menn taki eftir því, að orðið devolve er notað, en ekki evolve). Doyle svarar: „Það mun fara svo; þegar maðurinn losnar betur við ótta (fear of complexes bögunæli fyrir the fear-complex) og verður í nánara sambandi við alheiminn, þá mun hann skilja hinn ótakmarkaða veruleika lífsins, og það er ekki trú.“ (Þetta er framúrskarandi illa orðað, en það sem átt er við er þetta, að mennirnir komast á vísindastigið í þeim efnum sem spíritisminn fæst við, þegar þeir öðlast þekkingu á sambandinu við lífið á stjörnunum). „Öll trúarbrögð munu líða undir lok, eins og sagan sýnir oss, að sum trúarbrögð eru þegar undir lok liðin. Ég lít dálítið öðruvísi á þetta nú en ég gerði meðan ég lifði á jörðinni.“

II

Flest í svörum þessum, sem eignuð eru Conan Doyle, er afar illa orðað, og þarf enginn að ætla, að hinn mikli rithöfundur og ræðuskörungr hafi ekki betur til stefnt. En orð hans hafa færst mjög úr lagi sakir rangra sannfæringa og vanþekkingar þeirra, sem að tali þessu stóðu hér á jörðu. En jafnvel þessi afskræmdu svör eru þó afar merkileg, því að það er alveg augljóst, að svörin eru ekki frá rótum tilbúin (ósjálfrátt) af Harry Price og miðlinum. Sannleikurinn brýst í gegn, þrátt fyrir allt, og það kemur greinilega fram, að Conan Doyle er að reyna til að segja þetta sama, sem ég hefi nú allengi verið að leitast við að fá menn til að skilja: að lífið eftir dauðann er líkamlegt og á öðrum jörðum, en ekki í neinum öðrum heimi. En afleiðingarnar af þeim skilningi munu verða hinar stórkostlegustu.